

DELTA KAPPA GAMMA fundur 14.10.2010

Fyrsti fundur vetrarins hjá Epsilon Deild var haldinn í Þjósárskóla. Bolette setti fundinn, kveikti á kertum, Trúmennska, hjálpsemi, vinátta.

Elín las minningarorð um Rut Guðmundsdóttur, sem lést 30. september. Minningar orð sem Björg skrifaði í Mbl. 09.10.2010. Björg las ljóð Tómasar Guðmundssonar:

Nú andar Næturblær um bláa voga.
Við bleikan himin daprar stjörnur loga.
Og þar, sem forðum vor í sefi söng,
Nú svífur vetrarnóttin dimm og löng.

Svo undarlega allir hlutir breytast.
Hve árin skipta svip og hjörtun þreytast.
Hve snemma daprast vorsins vígða bál.
Hve vínið dofna ört á tímans skál.

Svo skamma stundu æskan okkur treindist.
Svo illa vorum draumum lífið reyndist.
Senn göngum við sem gestir um þá slóð,
Sem geymir bernsku vörrar draumaljóð.

Og innan skamms við yfirgefum leikinn.
Ný æska gengur, sigurdjörf og hreykin,
Af sömu blekking blind, í okkar spor.
Og brátt er gleymt við áttum líka vor.

Og þannig skal um eilífð áfram haldið,
Uns einhverntíma fellur hinsta tjaldið.

Elínborg flutti orð dagsins úr bókinni Í dag. Og ljóð eftir Guðrúnu Þórarinsdóttur, sérkennara á Selfossi. Hún orti þetta ljóð þegar hún heyrði um jarðsetningu Eyglóar Eyjólfsdóttur og andláts Rutar, en þær voru báðar DKG systur.

Við lát Rutar breyttist stjórnskipanin. Eydís Katla ætlar að taka að sér að vera gjaldkeri, en þarf ekki að sitja stjórnarfundir.
Bolette er formaður
Björg varaformaður
Elín ritari

Vonast er til að Sigríður Guðnadóttir taki að sér að vera vefstjóri.

Bolette kynnti verkefni sitt Náttúrufræðikennslu í Þjósárskóla.

Hún er í félagi starfenda rannsókna.

Aðferð verkefnisins:

Dagbók

Myndbandsupptökur

Ljósmyndir

Viðtöl

Rýnihópar

Rannsóknarvinir (Ritical friends)

Í framhalsnáminu fékk ég nýja sýn á hugtaka kennslu

sagði Bolette

Hópvinnu

Námsvitund

Niðurstöður:

Bættir starfshættir

Aukin starfsgleði

Markviss hugtakakennsla

Nemendur hafa orðið og tala við samnemendur sína.

K. horfir niður og talar minna.

Á eftir hófust fjörugar umræður um kennsluhætti o.fl.

Síðan haldið áfram umræðum yfir góðum mat.

Elín Hannibalsdóttir